



Félag eldri borgara í Þingeyjarsveit

Ferð á Reykjanes miðvikudaginn 10. júní komið heim laugardaginn 13. Júní

Lagt á stað frá Ýdölum kl. 9.00 farið um

Breiðumýri, Fosshól og Stóru-Tjarnir.

Á Akureyri við Shell um kl 10,30

Léttur hádegisverður á Blönduósi síðan í Þingeyrar, um Uxahryggi, Þingvöll í náttstað.

Gist er í hótél Hlið í Ölfusi allar nætur.

2. dagur er á Reykjanesi með Níels Árna Lund

3. dagur er á Suðurland Þorvaldseyri, Skógar Gunnarsholt með Sigmari Ólafssyni

4. dagur heimferð um Hvalfjörð, Dragháls Hvanneyri og Bifröst.

Þátttakendur beðnir að greiða lokagreiðslu kr. 50.000 á mann fyrir 7. júní inn á reikning í Sparisjóði Suður-Þingeyinga 1110-26-3337 kt: 440708-0210

Ferðanefndin



Ágætu sveitungar



Verzlunin í Vaglaskógi opnar föstudaginn 5.

júní. Fyrstu vikuna verður opið alla daga frá kl. 10 –

18. Eftir það lengjum við opnunartímann, auglýst á

Facebook síðu verslunarinnar, <http://facebook.com/skogarsjoppa>.

Upplýsingar í síma 8486640.

Á boðstólnum verður ís, sælgæti, pylsur, samlokur, matvörur, kaffi og tóbak. Tilvalið að njóta veðurbliðunnar í skóginum og fá sér ís eða kaffi á pallinum hjá okkur.

**Hlökkum til að sjá ykkur
Dælissystkinin Sigga og Steinþór.**

P.s. Flóamarkaðurinn í Dæli flytur sig um set og verður í Sigluvík á Svalbarðsströnd í sumar, upplýsingar í síma 4626840.



10. júní kl. 20:00 ætlum við að hittast á **Bjarmavelli** og setja plötur á pallinn, snyrta og taka til í kringum húsið, mála mörkin og þrifa húsið. Ungir sem aldnrir velkomnir, margar hendur vinna létt verk.

Stjórn Bjarma



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla.

Kæru viðskiptavinir.

Safnið verður opið einn dag í viku í júní og ágúst, á þriðjudögum frá kl. 14:30 - 16:30, en lokað í júlí.

Kveðja bókavörður.



Fermingarmessa í Þorgeirskirkju

Fermingarmessa verður í Þorgeirskirkju á sjómannadaginn 7. júní kl. 14.00. Fermingarbörn: Snorri Már Vagnsson og

Unnur Jónasdóttir. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Gengið verður að borði Drottins.

Allir velkomnir!

ATH !

TÓNLEIKUM AFLÝST

Í léttri sumarsveiflu

Kirkjukór Húsavíkur og Heilsutrióið verða í léttri sumarsveiflu á tónleikum í Skjólbrekku í Mývatnssveit fimmtudaginn 4. júní n.k. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30. Einsöngvarar eru, Edda Björg Sverrisdóttir, Aðalsteinn Júlíusson, Ásgeir Böðvarsson og Judit György.



Kórstjóri er Judit György og hljómsveitarstjóri Unnsteinn Ingi Júlíusson. Aðgangseyrir er kr. 1500.- frítt fyrir börn yngri en 12 ára.



Húsvörður á Breiðumýri

Staða húsvarðar við félagsheimilið á Breiðumýri er laus til umsóknar, um er að ræða 70% starf frá og með 1. júlí n.k. Starfssvið húsvarðar er húsvarsla, umsjón með bókunum í húsið, reikningagerð og þrif.

Allar nánari upplýsingar veitir skrifstofustjóri Þingeyjarsveitar, Gerður Sigtryggisdóttir í síma: 464 3322, netfang: gerdur@thingeyjarsveit.is Umsókn skal senda á Þingeyjarsveit Kjarna, 650 Laugar eða á netfangið gerdur@thingeyjarsveit.is Umsóknarfrestur er til 15. júní n.k.

Sveitarstjóri



Viðhald girðinga meðfram vegum í Þingeyjarsveit

Landeigendur eru minntir á að tilkynna til skrifstofu Þingeyjarsveitar í síma **464-3322** eða á netfangið thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is. Þegar viðhaldi veg-girðinga er lokið.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar

ATH!

Til íbúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps - Breytingar í sorpmálum

Gámaþjónusta Norðurlands (GÞN) hefur séð um sorphirðu í sveitarfélögunum í gegnum Sorpsamlag Þingeyinga ehf. undanfarin ár. Þar sem sveitarfélögin eru ekki lengur aðilar að sorpsamlaginu og samningur milli þess og GÞN er útrunnin, mun GÞN frá og með 1. júní 2015 annast sorphirðuna milliliðalaust fyrir sveitarfélögin. Ekki verður veruleg breyting á sorphirðu í fyrstu en sveitarfélögin og GÞN eru að vinna að þróunarsamnings og nýju sorphirðukerfi sem kynnt verður íbúum þegar þar að kemur. Þó er vert að vekja athygli á eftirfarandi:

Móttaka sorps verður hjá GÞN að Hlíðarsmára á Akureyri í stað móttökustöðvar á Húsavík þar sem sveitarfélögin eru ekki lengur aðilar að rekstri móttökustöðvarinnar þar.

Íbúar sveitarfélaganna geta þó farið með úrgang og dýrahæ áfram í móttökustöðina á Húsavík líkt og áður en breytinga er að vænta í þeim efnum síðar.

Ath. núverandi gámasvæði í sveitarfélögunum verða í óbreyttri mynd enn sem komið er.

Allar nánari upplýsingar veitir starfsfólk skrifstofu sveitarfélaganna.
Skrifstofa Þingeyjarsveitar, sími: 464 3322
Skrifstofa Skútustaðahrepps, sími: 464 4163

Kvenfélag Reykdæla

býður öllum íbúum 67 ára og eldri á félagssvæði sínu upp á fótisnyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum, Hólavegi 2, vikuna 9.-12. júní. Að þessu sinni er fótisnyrtingin niðurgreidd af félaginu um 3000 kr. fyrir hvern einstakling.

Tímapantanir í síma 464 3200 eftir kl.13.00 á daginn.

Stjórnin.

Sumarfrí sr. Bolla

Sr. Bolli verður í sumarfrí 11. júní-11. júlí og eyðir þeim tíma utanlands. Í fjarveru hans má hafa samband við sr. Jón Ármann Gíslason prófast í síma 8662253.

Gleðilegt sumar!



„FJÖLSKYLDAN Á FJALLIÐ“

Um allt land eru valin fjöll í þetta verkefni UMFÍ sem gengur út á að hvetja fólk til að fara í léttar fjallgöngur. Á þessum völdu fjöllum eru staðsettir gestabókarkassar og fólk getur skráð nöfn sín í gestabók. Nöfn heppinna göngugarpa eru dregin út og fá þeir glaðning frá UMFÍ. Einnig eru veittar viðurkenningar fyrir að ganga á flest fjöll.

Héraðssamband Þingeyinga tekur þátt í þessu verkefni 5. árið í röð og alltaf eru valin tvö fjöll í okkar héraði. Í boði er að fara með í skipulagða gestabókargöngur á fjöllin, en fólk getur að sjálfsgöðu farið hvenær sem er og jafnvel oft en einu sinni.

Snartarstaðanúpur á Melrakkasléttu (2 ½ klst.)

Farið er út fyrir Skörðin að slóðanum upp á Núpinn, um 7 km norðan Kópaskers. Þar er lagt af stað og gengið eftir slóðanum. Þegar upp á fjallið er komið er upplagt að ganga vestur á Núpinn til að fá enn betra útsýni.

Gestabókarganga á vegum Ferðafélagsins Norðurlóðar 6. júní - mæting kl. 13:00.

Húsavíkurfjall (2 ½ klst.)

Best er að hafa göngukort, sem fæst í upplýsingarmiðstöðinni í Hvalasafninu á Húsavík, því leiðin er ekki öll vel merkt með staurum og skiltum. Hefjið gönguna frá bílplani við Íþróttahúsið á Húsavík og gangið upp götuna Skálabrekku í norðurátt, en við enda götunnar byrjar hin eiginlega gönguleið, merkt með staur sem sýnir gönguleið að Húsavíkurfjalli.

Gestabókarganga á vegum HSB 13. júní - mæting kl. 13:00 á

22.tbl.
4. júní
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Þjóðlistahátíðin Vaka í Mývatnssveit og á Húsavík Fimmtudaginn 11. júní

Þjóðlistahátíðin Vaka verður haldin á Akureyri 10. - 13. júní 2015

Í tengslum við hátíðina verða haldnir tvennir tónleikar í Þingeyjarsýslu með ensku þjóðlagasöngkonunni og fiðluleikaranum Jackie Oates, skoska hörpuleikaranum Wendy Stewart og tvisöngvurunum Svanfríði Halldórsdóttur frá Ólafsfirði og Rúnu Ingimundar frá Húsavík

Tónlist með kaffinu í Mývatnssveit á Selhótel Mývatn kl. 16:00 - 17:00

Létt og leikandi kaffistund þar sem áhorfendum gefst færi á að spjalla við listamennina og fræðast um tónlist þeirra og hljóðfæri. Aðgangur að tónleikunum ókeypis - þjóðlegar kaffiveltingar kr. 1.500



Kvöldtónleikar á Húsavík í Sjóminjasafninu kl. 20:00 - 21:30

Aðgangseyrir kr. 1.000



Nánari upplýsingar má nálgast á helmasíðu hátíðarinnar www.vakafolk.is